

Kæru félagar.

Á haustin fær kennarinn í mér alltaf sterka og góða tilfinningu fyrir nýju og spennandi, einskonar kaflaskilum. Nemendurnir streyma í skólana og allir fá tækifæri til að byrja upp á nýtt. Lyktin af nýjum skólabókum og blýöntum fyllir vitin. Nýjar stundatöflur eru komnar á ísskápshurðina og flestir foreldrar taka fagnandi á móti rútínunni.

Það er einmitt tilfinningin um kaflaskil og ný tækifæri sem sækir á mig núna þegar búið er að ákveða að kjósa eigi á um framtíð fólksins í landinu á haustdögum. Nú er tækifæri til að breyta – og byrja upp á nýtt.

Tækifæri til taka á spillingu og sérhagsmunagæslu.

Tækifærið til þess að leyfa þjóðinni að njóti arðsins af auðlindunum, en að það geri ekki örfáir menn og fyrirtæki sem mala gull á meðan aðrir ná ekki endum saman.

Tækifæri til að vera þjóðin sem ákveður að standa saman og passa upp á hvert annað svo þeir sem verða veikir fái bestu lækningu og umönnun sem völ er á.

Tækifæri til að sýna það í verki að við sættum okkur ekki við að hér búi fjöldi fólks við fátækt og skort.

Tækifæri til að vera þjóðin sem sýnir eldra fólki þá virðingu og þann sóma, að þeim séu ávallt tryggð mannsæmandi laun og þjónusta.

Tækifæri til að skapa fjölbreytt atvinnulíf sem laðar unga fólkið okkar til starfa og kemur í veg fyrir þann atgervisflótta sem fylgir því þegar að efnilegt ungt fólk sér ekki lengur framtíð í þessu landi.

Tækifæri til að taka vel á móti ferðamönnum en setja skýran ramma um hvernig ferðaþjónustan eigi að þróast í sátt og samlyndi við umhverfið, landið og þjóðina.

Tækifæri til að koma nýrri stjórnarskrá í ferli, bera hana fullbúna undir þjóðina og ljúka þannig því verki sem Samfylkingin hóf á síðasta kjörtímabili.

Tækifæri til að endurskipuleggja fjármálakerfið með aðgreiningu fjárfestingabankastarfsemi frá þjónustu við venjulegt fólk og fyrirtæki.

Tækifæri til að jafna leikinn í jafnréttisbaráttunni.

Tækifæri til að vera landið og samfélagið sem okkur langar að búa í.

Það er nefnilega ekki lögmál að á Íslandi þurfi alltaf að hafa lakari kjör en á öðrum Norðurlöndum. Það er engin haldbær ástæða fyrir því að við eigum að setta okkur við að fólkið okkar fái ekki bestu heilbrigðisþjónustu í heimi, að við getum ekki séð til þess að eldri borgarar hafi það gott, að barnafjölskyldur þurfi að vera á vergangi á erfiðum húsnæðismarkaði, eða að góðærið nái bara til fárra stétta.

Þessu er vel hægt að breyta, því á Íslandi eru til nóg af peningum, það þarf einfaldlega að skipta kökunni upp á nýtt.

Kæru félagar,

Samfylkingin starfar undir hugsjónafána jafnaðarstefnunnar og mér finnst að jafnaðarstefnan eigi enn meira erindi í dag en oftast áður.

Stuðningsmenn okkar, jafnaðarmenn um land allt vilja að við tölum skýrt. Ein af afleiðingum efnahagshrunsins eru vonbrigði fólks með stjórnámál almennt. Fólk segir: ”Stjórnálin brugðust, ekki bara bankakerfið”, ” Það er sami rassinn undir öllum stjórnámálaflokkum!”.

Við sem hér erum vitum að það er ekki sami rassinn undir öllum stjórnámálaflokkum, en við verðum hins vegar að rífa okkur upp á rassgatinu - svo ég grípi til málfars úr frystihúsinu frá því í gamla daga

Þegar mikið var að gera. Við erum talsmenn almennings og nú þurfum við að sækja fram.

Í þessum kosningum gefst kjósendum tækifæri til flykkja sér að baki gildum jafnaðarmanna, sem skapað hafa bestu samfélög í veröldinni, og kjósa jafnaðarmenn til að leiða nýja ríkisstjórn. Ríkisstjórn sem mun standa fyrir breytingum sem tryggja öllum Íslendingum bestu lífsskilyrði sem völ er á, óháð búsetu og fjárhag.

Þetta er allt hægt – því við búum í gjöfulu landi sem er auðugt af auðlindum. Það eru til nægir fjármunir og náttúruauðlindir í landinu, sem við öll eigum saman og eigum að njóta arðsins af.

En við erum ekki þangað. Orkulindir okkar hafa verið niðurgreiddar til alþjóðlegra fyrirtækja. Sú stefna var ofan á þegar okkur skorti framtíðarsýn og trú á önnur tækifæri. Stórir orkukaupendur hafa vissulega skapað hér störf, en þau eru einhæf og stærsti hluti arðsins hefur runnið úr landi eins og dæmin sanna.

Við höfum nýtt sjávarafurðir okkar með skynsamlegum hætti, en aðgangur að sjávarauðlindunum hefur safnast á fárra hendur og arðurinn af þeim hefur að mestu runnið til fámenns hóps. Sjávarþorp um land allt hafa misst lífsviðurværið og eiga fárra kosta völ. Í því er ekkert réttlæti.

Ferðapjónusta er sú atvinnugrein sem vaxið hefur mest og þar eru tækifæri. Flestir virðast sammála um að ferðamenn ættu að greiða gjöld sem staðið gætu undir viðhaldi vega og auknu álagi á löggæslu og heilsugæslu, vegna þess hve þeir eru orðnir margir hér á landi. Ég hef talað fyrir því, að áður en farið verður að setja gjöld á hitt og þetta og flækja innheimtuna, þá eigi að nýta það kerfi sem nú þegar er til staðar.

Á meðan að við þrösum um mismunandi gjaldtökur gefum við ferðamönnum afslátt af virðisaukaskatti af gistingu og afþreyingu. Þar til á síðasta ári, greiddum við með gistingu ferðamanna á hótélum landsins, það voru tæpir þrír milljarða króna samtals á sex ára tímabili. Á sama tíma var dregið úr framlögum til viðhalds vega, til lögreglunnar og til heilsugæslunnar. Og samdrátturinn heldur áfram.

Í sumar var til dæmis ákveðið að skera niður 13 stöðugildi á Heilbrigðisstofnun Suðurlands það eru störf 18 manns af svæðinu, á svæði sem flestir ferðamenn sækja heim. Á sama tíma gorta stjórnarflokkarnir sig af góðæri.

Ef við hækkuðum virðisaukaskattinn á gistingu og afþreyingu upp í almennt þrep færir sú aðgerð samfélaginu að minnsta kosti 10 milljarða í ríkissjóð á ári. Við þurfum á þessu að halda til að skjóta styrkari stöðum undir samfélag jafnaðar og samhjálp. En það mun ekki gerast án trausts kjósenda og að þeir velji Samfylkinguna til að hrinda þessu í framkvæmd.

Það þarf nefnilega kjark og hugsjónir til að standa í ístaðinu og með því, að almenningur fái réttlátan hlut af þjóðararfinum – arðinn af auðlindunum.

Þeir sem sitja einir að kjötkötlunum munu ekki taka þessu breytingum hljóðalaust. Þeir eru svona eins og freki frændinn, sem hirt hefur arfinn af restinni fjölskyldunni. Við Íslendingar erum eins og sú fjölskylda og við verðum að standa saman og sækja rétt okkar, af festu og ákveðni og ná fram réttlæti.

Við eigum fyrir byggingu nýja Landspítalans en við verðum að byggja fleiri hjúkrunarheimili fyrir langveika og þá sem þurfa mikla umönnun á efri árum. Með réttlátara skattkerfi og arðinum af auðlindunum viljum við bæta heilbrigðisþjónustuna um allt land. Og til að hætta að rukka fólk fyrir heilbrigðisþjónustu þegar að það stendur veikast fyrir og þarf mest á stuðningi að halda. Til að gera okkar góða menntakerfi enn betra og tryggja að allir geti sótt sér menntun óháð aldri, búsetu og fjárhag. Svo við getum létt lífið fyrir barnafjölskyldur og ekki síður til þess að eldri borgarar landsins, sem lögðu grunninn að samfélagi okkar, séu ekki dæmd í fátækt þegar þau fara á eftirlaun - verkefnin er ærin en **við höfum efni á þeim.**

Það þarf líka kjark til að þora að standa á sannfæringu sinni. Íslenska krónan er minnsta sjálfstæða mynt veraldar, sú langminnsta . Það er stundum eins og lagt sé að jöfnu að vera sjálfstæð þjóð og hafa sjálfstæða mynt. Ekkert er fjarri lagi. Íslenska krónan er okkur dýr og hamlar í raun framförum. Á meðan við erum ekki í stærra myntbandalagi verðum við að bera þann kostnað.

Vandræðagangur Breta eftir að þeir samþykktu úrsögn úr Evrópusambandinu sýnir okkur svart á hvítu hversu mikilvægt sambandið er þegar upp er staðið. Enginn er eyland. ESB tekst á við ýmsar áskoranir en veröldin er ein. Samvinna landa er nauðsynleg.. Loftslagsbreytingar þekkja engin landamæri og vandi stríðshrjáðra heimshluta er vandi okkar allra. Óháð aðild að ESB, er árangursrík evrópusamvinna okkur mjög mikilvæg. Einangrun er ekki svarið þegar góð menntun er gjaldgeng allsstaðar og vinnuafl flæðir þangað sem þess er mest þörf. Það er bjargföst trú mín að Ísland eigi samleið með Evrópusambandinu í framtíðinni. Þjóðin þarf hins vegar að taka sameiginlega ákvörðun um næstu skrefin í því efni.

Ágætu félagar.

Mér finnst ótrúlega gaman og nærandi að finna í samtölum við ykkur, fyrir baráttugleðinni fyrir jafnaðarstefnunni. Þó að samtölin byrji á ólíkum stað eins og til dæmis: „Ég var í Kvennalistanum og barðist fyrir jöfnum rétti kynjanna,“ „Ég var í gamla Alþýðuflokknum eða Alþýðubandalaginu eða ég fylgdi alltaf Vilmundi eða Jóhönnu“. Og sumir segja einfaldlega: „Allir í minni fjölskyldu voru sósíalistar alveg frá því í kreppunni og þess vegna er ég það líka.“ Aðrir hafa valið Samfylkinguna nýlega og sum þeirra voru börn þegar að hún var stöfnuð.

Það eru samt allir að segja með sínum hætti að hugsjónin okkar sameiginlega er jöfnuður og réttlæti og betra samfélag fyrir alla, að allir geti lifað hér mannsæmandi lífi og eigi sömu tækifæri til að sækja sér menntun, eignast eigið heimili eða fá umönnun og lækningu þegar á móti blæs. Að allir leggi sitt að mörkum og hér verði gott samfélag þar sem allir hafa sama rétt.

Þetta eru hugsjónir okkar, Við erum Samfylkingin-Jafnaðarmannaflokkur Íslands.

Í þeirri ríkisstjórn sem við viljum mynda eftir rúman mánuð verða okkar kröfur á kristaltæru.

- Við viljum búa til bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á.

- Við viljum vera gott samfélag fyrir öll börn ... og foreldra þeirra ... og ömmurnar og afana.

- Og við höfum efni á því.

Við viljum vera best í heimi þegar kemur að heilbrigðisþjónustu - vera best í því að hugsa vel um fólkið okkar . Það markmið er ekki fjarri lagi. Nú erum við ofarlega á listanum yfir bestu heilbrigðisþjónustur í heimi. Efst á listanum eru hin Norðurlöndin og þangað ætlum við líka.

Þessu markmiði fylgir aukið fjármagn úr ríkissjóði í heilbrigðisþjónustuna en það dugar ekki eitt og sér. Við verðum að breyta áherslum og styrkja opinbera heilbrigðisþjónustu sérstaklega. Við viljum nýjan Landspítala við Hringbraut, útrýma biðlistum, styrkja þjónustuna um allt land og bæta geðheilbrigðisþjónustuna.

Við eigum að fá fullt verð fyrir aflaheimildir með útboði og setja í heilbrigðiskerfið.

Við viljum ekki rukka fólk þegar það stendur veikast fyrir og heilbrigðisþjónustan á að vera **ókeypis**.

Því markmiði viljum við ná í nokkrum öruggum skrefum þar sem við tökum niður greiðsluþátttökuna skref fyrir skref.

Og fyrir fjölskyldurnar vil ég horfa út frá sjónarhóli barnanna.

- Börn eiga ekki að þurfa að flakka milli skóla vegna óöryggis á húsnæðismarkaði.
- Börn sem búa við efnislegan skort eru talin í þúsundum hér á landi og flest þeirra eru börn leigjenda.

- Börn eiga líka að fá að vera með foreldrum sínum fyrsta árið í lífi sínu, og þess vegna ætlum við að lengja fæðingarorlofið upp í 12 mánuði, og hækka greiðslupakið strax upp í 600.000 kr.

Við viljum að foreldrar þeirra geti unnið styttri vinnudag og eigi kost á vinnu við hæfi og eigi möguleika á að styrkja stöðu sína hvort sem er í framhaldsskólunum eða háskólunum. Og síðast en ekki síst að ömmur þeirra og afar fái mannsæmandi eftirlaun og öryrkjar í fjölskyldunni betri kjör og meiri lífsgæði. Og við höfum efni á þessu öllu.

Í okkar útreikningum gerum við ráð fyrir að

- 30 þúsund fjölskyldur fái hærri barnabætur og 10 þúsund fjölskyldur fái barnabætur sem fá þær ekki núna. Þetta mun þýða verulegar kjarabætur fyrir börnin. og munið – barnabætur eiga að vera fyrir börnin sjálf.
- Við ætlum að fjölga verulega leiguíbúðum og það er raunhæft að gera ráð fyrir 4.000 íbúðum til viðbótar á næsta kjörtímabili, og þúsund námsmannaíbúðir um allt land.
- Að lífeyrisþegar fái að lágmarki 300 þúsund krónur á mánuði og afturvirkargreiðslur frá 1. maí á þessu ári og því næsta.

Kæru félagar.

Þetta kann að hljóma eins og loforðasúpa og það er eðlilegt að ábyrgir jafnaðarmenn spyrji sig hvernig skuli staðið við stóru orðin.

Þetta er allt hægt – og við höfum efni á þessu.

Við fáum auknar tekjur af auðlindunum okkar:

Með úttboði á aflaheimildum, raforkugjaldi og með gistingu og afþreyingu fyrir ferðamenn í almennu þrepi virðisaukaskattkerfisins. Og með þrepaskiptu skattkerfi og auðleðgaðarskatti á miklar eignir aðrar heimili fólks til viðbótar við tekjuna af auðlindunum náum við að gera þetta allt án þess að ýta undir verðbólgu á sama tíma.

Setjum markið hátt og stefnum á að vera best í að hugsa vel um fólkið okkar – og við höfum efni á því.